

2335. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn fimmtudaginn 18. september 2025 og hófst kl. 16:00. Fundurinn var haldinn á Laugardalsvelli og á Teams.

Mættir stjórnarmenn:

Þorvaldur Örlygsson formaður
Helga Helgadóttir varaformaður
Halldór Breiðfjörð Jóhannsson
Heimir Fannar Gunnlaugsson
Hildur Jóna Þorsteinsdóttir
Pálmi Haraldsson
Sveinn Gíslason
Þorkell Máni Pétursson

Á Teams:

Tinna Hrund Hlynsdóttir

Forföll:

Börkur Edvardsson
Ingi Sigurðsson varaformaður

Mættir starfsmenn:

Eysteinn Pétur Lárusson framkvæmdastjóri
Axel Kári Vignisson lögfræðingur
Ómar Smárason samskiptastjóri sem ritaði fundargerð

Þorvaldur Örlygsson formaður KSÍ bauð alla velkomna og fór yfir dagskrá fundarins.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar.
 - a. Lögð fram fundargerð síðasta stjórnarfundar (fundur nr. 2334). Fundargerðin hefur þegar verið undirrituð rafrænt.
2. Fundargerðir nefnda lagðar fram og fréttir af vettvangi ÍTF.
 - a. Lögð fram fundargerð markaðsnefndar frá 27. ágúst þar sem m.a. var fjallað um samfélagsmiðla KSÍ og hlutverk samskiptadeildar í tengslum við verkefni markaðssviðs, um markaðsstarf og samninga, og síðan um framtíðarhlutverk markaðsnefndar. Lögð fram fundargerð fjárhags- og endurskoðunarnefndar frá 12. ágúst, þar sem fjallað var um ferðakostnað dómara og árshlutauppgjör.
 - b. Heimir Fannar Gunnlaugsson formaður ÍTF flutti fréttir af vettvangi samtakanna og ræddi meðal annars um lokaspretti Bestu deilda og Lengjudeilda, sem er alltaf spennandi tími á hverju knattspyrnusumri, og kom í framhaldinu aðeins inn á fyrirkomulag mótanna, mætingu á leiki og fleira tengt. Þá kom Heimir einnig inn á framleiðslu leikja fyrir sjónvarp, sem hefur heilt yfir gengið vel í ár. Livey mun framleiða úrslitaleik Lengjudeildar-umspilsins í ár skv. ákvörðun ÍTF.
3. Upplýsingagjöf milli funda frá framkvæmdastjóra / skrifstofu.

Eysteinn Pétur framkvæmdastjóri fór yfir ýmis verkefni og viðburði sem hafa verið í deigluinni síðustu vikur og verkefni komandi vikna og mánaða. Vinnustofur vegna nýs mótakerfis - COMET, sem verður innleitt í nóvember - fóru fram í vikunni og í vikunni fór einnig fram gæðaúttekt UEFA á leyfiskerfi KSÍ. Mikið hefur verið að gera í kringum miðasölu á októberleiki A landsliðs og miðasalan hefur gengið vel. Mót sumarsins eru á lokasprettinum og að mörgu að hyggja þar, m.a. ut anumhald verðlaunaafhendinga í öllum flokkum. Framkvæmd úrslitaleikja Mjólkurbikarsins gekk mjög vel og umgjörðin virkilega góð.

Þá fór Eysteinn í stuttu máli yfir ýmis nýleg og komandi fundahöld - m.a. aðalfund ÍG þar

sem KSÍ átti fulltrúa, fundi KSÍ með fulltrúum ríkis og borgar, með UEFA og öðrum aðilum um framtíð og uppbyggingu Laugardalsvallar, fundi með aðildarfélögum, fundi sem tengjast alþjóðasamstarfi, og undirbúning árlegs fundar formanna- og framkvæmdastjóra, svo eitthvað sé nefnt.

Af öðrum verkefnum sem eru í deiglu nefndi Eysteinn m.a. nýjan samning við Genius sem verður undirritaður í lok mánaðar, undirbúning framkvæmda við nýja skrifstofu ÍTF - sem verður innan veggja KSÍ, undirbúning ársþings 2026 sem er hafinn og loks kom Eysteinn inn á að fljótlega þyrfti að huga að því að árið 2027 verður KSÍ 80 ára.

4. Fjármál.

- a. Farið var yfir bráðabirgðauppgjör EM kvenna 2025.
- b. Eysteinn Pétur fór yfir uppfærða rekstrarspá ársins. Reksturinn er á áætlun. Stjórnarmenn tóku til máls og ræddu m.a. tekjustreymi og vænta afkomu komandi ára. Sérstaklega var rætt um aukinn dómarakostnað almennt og tóku margir stjórnarmenn til máls um þann þátt - um síðustu ár, núverandi ár og þróun næstu ára - og ræddu ýmsar útfærsluleiðir.

5. Lög og reglugerðir

- a. Axel Kári Vignisson lögfræðingur KSÍ fjallaði um tillögu að breytingum á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót varðandi "9. grein - Leikskýrsla" og "37. grein – Sektir". *Stjórn KSÍ samþykkti breytinguna.*
- b. Eysteinn Pétur fór yfir skipan og breytingar á nefndum og starfshópum.

Nefndir: Heimir Fannar Gunnlaugsson var skipaður í knattspyrnu- og þróunarnefnd sem fulltrúi ÍTF og Sigurður K. Pálsson tók sæti Guðnýjar L. Hreinsdóttur í markaðsnefnd. Skipan í starfshópa:

Sameiginlegur starfshópur KSÍ og ÍTF sem rýnir umgjörð og aðsókn leikja í Bestu deildunum og Lengjudeildunum.

Máni Pétursson - Formaður	Stjórn KSÍ
Stefán Sveinn Gunnarsson	KSÍ
Björn Þór Ingason	ÍTF
Guðbjörg Ýr Hilmarsdóttir	Höfundur upplifunarhandbókar
Agnar Freyr Gunnarsson	Afturelding
Garðar Ingi Leifsson	FH
Ragna Björg	Breiðablik
Pála Þórisdóttir	Þróttur
Elsa Jakobsdóttir	Fylkir

Starfshópur sem rýnir og metur hvernig hefur til tekist með breytingar síðustu ára á mótafyrirkomulagi í Bestu deild karla.

Birgir Jóhannsson	ÍTF
Birkir Sveinsson	KSÍ
Börkur Edvardsson - Formaður	Stjórn KSÍ

Eiríkur Stefán Ásgeirsson	Forstöðumaður íþróttadeildar
Guðni Hreinsson	Sýnar
Ívar Pétursson	KA
Jóhann Már Helgason	Vestri
Kári Árnason	Hlaðvarpsstjórnandi
Magnús Sigurðsson	Víkingur R.
	ÍBV

Stjórn KSÍ samþykkti tillögurnar/breytingarnar.

6. Ímyndarrannsókn - Kynning á niðurstöðum

- a. Ómar Smárason samskiptastjóri KSÍ kynnti stöðu og helstu niðurstöður rannsóknar sem unnin er af hollenska fyrirtækinu Blauw fyrir KSÍ í samstarfi við UEFA. KSÍ hefur síðustu ár verið hluti af þróunarverkefni hjá UEFA, ásamt fleiri knattspyrnusamböndum, þar sem ýmsir þættir sem tengjast starfi og starfsumhverfi knattspyrnusambanda eru kannaðir - s.s. ímynd og skoðun, þátttaka og virkni. Kynntar voru niðurstöður úr fyrri bylgju ársins 2025. Seinna bylgja ársins er í vinnslu og árið 2026 verða einnig keyrðar tvær bylgjur. Helstu niðurstöður hvors árs verða birtar í útgefinni ársskýrslu KSÍ í tengslum við ársþing sambandsins og jafnframt munu niðurstöðurnar nýtast í stefnumótunarvinnu KSÍ.

7. Móta- og dómaramál.

- a. Helga Helgadóttir formaður mótanefndar fór yfir ýmis mótamál, m.a. virkt samtal við félögin um niðurröðun leikja í meistaraflokki og ýmsar breytingar sem eru gerðar. Oftast er um að ræða aðstæður sem búið er að sjá fyrir og félögin hafa verið upplýst um. Þá er mótanefnd að skoða tímaramma móta almennt - bæði í meistaraflokkum og yngri flokkum. Helga kom einnig inn á umgjörð leikja í yngri flokkum og framkvæmd þeirra, með hliðsjón af öryggismálum, til dæmis staðsetningu marka sem eru ekki í notkun og annars búnaðar sem er alltof oft innan öryggissvæðis við leikvelli og getur skapað hættu fyrir leikmenn.
- b. Halldór Breiðfjörð dómaranefndarmaður fór stuttlega yfir ýmislegt tengt dómaramálum, niðurröðun dómara og annað.

8. Landsliðsmál - Málefni landsliða og næstu verkefni

- a. Þorvaldur Örlygsson formaður fór yfir ýmis landsliðsmál og komandi verkefni. A landslið karla leikur tvo leiki í undankeppni HM 2026 í október – heimaleiki gegn Úkraínu og Frakklandi. Miðasala hefur gengið vel og standa vonir til að uppselt verði á báða leiki. Ánægja er almennt með síðasta leikjaglugga liðsins. A landslið kvenna leikur umspilsleiki heima og heiman við Norður-Írland í október þar sem leikið er um sæti í A-deild Þjóðadeildar UEFA. Góður gangur er í leit að nýjum aðstoðarþjálfara og markmannsþjálfara fyrir A landslið kvenna og standa vonir til að tilkynnt verði um ráðningu fljótlega. Umsóknarfrestur um stöðu U19 kvenna rennur út í þessari viku og margar umsóknir hafa borist. U21 lið karla lék tvo leiki í september. Sá leikjagluggi reyndist erfiður fyrir íslenska liðið en nóg er enn eftir af keppninni. Önnur yngri landslið eru komin á fullt og verður einnig mjög áhugavert að fylgjast með þeim. Stjórnarmenn ræddu ýmislegt tengt landsliðum og verkefnum þeirra, og þá var einnig

sérstaklega rætt um ráðningar landsliðsþjálfara almennt.

9. Önnur mál.

- a. Eysteinn Pétur framkvæmdastjóri fór yfir nýlegar heiðursviðurkenningar KSÍ, í tilefni af 90 ára afmæli Reynis Sandgerði og í tengslum við lokahóf knattspyrnudeildar Grindavíkur.

90 ára afmælishátíð Reynis Sandgerði – Haldin 29. ágúst í Samkomuhúsinu í Sandgerði

- Magnús Þórisson – Gullmerki
- Sigursveinn Bjarni Jónsson – Gullmerki
- Hannes Jón Jónsson – Gullmerki
- Andri Þór Ólafsson – Silfurmerki
- Árni Rafnsson – Silfurmerki
- Árni Sigurpálsson – Silfurmerki
- Ástrós Jónsdóttir – Silfurmerki
- Ástvaldur Ragnar Bjarnason – Silfurmerki
- Heiða Rafnsdóttir – Silfurmerki
- Jón Bjarni Sigursveinsson – Silfurmerki
- Ómar Svavarsson – Silfurmerki
- Valdís Frandsdóttir – Silfurmerki

Afhent á stofndegi Reynis Sandgerði þ.e. 15 sept. á heimili Sveins í Garðabæ

- Sveinn Pálsson – Gullmerki

Lokahóf knattspyrnudeildar Grindavíkur þann 13. september sl.

- Haukur Guðberg Einarsson – Silfurmerki

- b. Þorkell Máni ræddi almennt um sölu áfengra drykkja og annarra veitinga á knattspyrnuleikjum og samskipti við opinbera aðila í því sambandi. Nokkrar umræður spunnust um þessi mál, bæði varðandi leiki félagsliða og landsliða.
- c. Heimir Fannar formaður ÍTF bar upp fyrirspurn um fyrirkomulag veitingasölu á Laugardalsvelli almennt, samningagerð um veitingasöluna og fleira. Eysteinn Pétur framkvæmdastjóri var til svara.
- d. Pálmi Haraldsson lagði fram til samþykktar uppfærslu á starfsreglum fyrir knattspyrnu- og þróunarnefnd. *Stjórn KSÍ samþykkti starfsreglurnar.*
- e. Hildur Jóna Þorsteinsdóttir fjallaði um vinnu sem hefur farið fram í tengslum við skipulag leyfiskerfis KSÍ.

Fundi slitið kl. 18:49.

Fundarritari: Ómar Smáráson

Næstu fundir boðaðir 16. október, 20. nóvember, 18. desember.

Undirritunarsíða

Þorvaldur Örlygsson

Helga Helgadóttir

Pálmi Haraldsson

Tinna Hrund Hlynisdóttir Hafberg

Þorkell Máni Pétursson

Halldór Breiðfjörð Jóhannsson

Sveinn Gíslason

Eysteinn Pétur Lárusson

Heimir Fannar Gunnlaugsson

Hildur Jóna Þorsteinsdóttir